

HEIMIR



VI. árgangur

WINNIPEG, 1909.

3. blað.

TIL FARFUGLS

Hærra hef þig,
Fjarlægð blárri, viðri vef þig.
Farðu fjarri
þeim sem liggja í leyni nærrí.
Sjáðu sundin
þokufull og gráleit gapa,
grunsanlega í bugður undin
Heyrðu hundina
góla, gelta,
fronum skóga, eftir apa.
Blóðslóð belta,
kafid krapa
sjáðu dýrið særða hrapa.
Fljúgðu ofar illviljanum,
utár landsvananum.

Sviffrár sértu,
 hærra, enn þá hærra vertu.
 Skúmaskotið
 sönglaust er. Og sárt er brotið
 vængs og vilja
 þeim sem létt um langa vegi
 léku sér á jöðrum bylja,
 hats og hylja
 flutu á fönnum.—
 Flyttu söng mótt sól og degi.
 Mold og mönnum
 ljós sem lilja,
 sólgljá lát þig síðasí hylja.
 Fljúgðu út úr augsýn mannsins
 út til friðarlandsins.

Kristinn Stefánsson

IMMANUEL KANT

Útdráttur úr fyrirlestri, sem fluttur var á Menningarfélagsfundí
 Október 1909 af Guðm. Árnasyni.

Immanuel Kant fæddist árið 1724 í Königsberg á Prússlandi. Foreldrar hans voru fátækt alþýðufólk, faðirinn stund-aði söðlasmiði. Föðurforeldrar hans höfðu komið frá Skotlandi og sezt að á Pýzkalandi. Frá 1740-46 stundaði hann nám við háskólann í fæðingarbæ sínum og gerðist síðan heimiliskennari um hríð, einsog tittr var um háskólakadídata á Pýzkalandi á þeim tímum. Árið 1755 varð hann "prívat-dósent" þ.e. fékk leyfi til að halda fyrirlestra við háskólann, 1770 var hann gerður að prófessor og var það til 1797. Hann dó 1804, 80 ára gamall, stórfraegur fyrir lærdom sinn og heimspeikiskenningar.

Í háttum sínum var Kant næsta einkennilegur. Hann lifði ókvæntur alla æfi og ferðaðist aldrei út úr héraðinu, sem hann var fæddur í. Störfum sínum öllum raðaði hann niður með mestu nákvæmni og gætti vandlega að breyta aldrei út af viðtekinni reglu. Sú saga er sögð um hann, að hann hafi á hverjum degi kl. 4 gengið sama strætið útúr bænum og til baka aftur sömu leið, sér til hressingar, á meðan hann var í Königsberg. Svo reglubundnar voru þessar gönguferðir að fólkisíð, sem á strætinu bjó hafði til síðs að setja klukkur sínar þegar það sá professor Kant ganga framhjá. Heima fyrir lifði hann algerlega kyrlátu lífi og gaf sig við engu nema bókum sínum. Þessi, næstum smámunalega, fastheldni við viðteknar reglur kemur í ljós í flestum ritum hans og stingur mjög í stúf við hina hlifðarlausu gagrýni hans á viðteknum skoðunum og hugsunarhætti. Ekki er það síður einkennilegt að þessi einræni og óásjálegi maður skyldi koma fram með skoðanir, sem bera vott um auðugra sálarlíf og sterkari viljakraft en skoðanir jafnvel nokkurs annars heimspeckings fyr eða síðar. Ár eru vanalega dýpstær þar sem þær eru lygnastar, og margir þeir, sem yfir-lætislausastir eru búa yfir mestu.

Kant skrifandi mikið en flest af því er mjög illa skrifin hvað rithátt snertir. Hann virðist mjög lítið far hafa gert sér um að færa hugsanir sínar í fagran búning. Stillinn er þungla ~~málegur~~ og tilbreytingarlaus, og efninu er skift niður samkvæmt reglum, sem oft virðast vera aðeins til þess að gera það flókið og þungskilið. Af þessu leiðir að bækur Kants eru mjög óaðengilegar og erfðar, og fáa mun fýsa að lesa þær aftur eftir að lestri þeirra er lokið í fyrsta sinn; samt munu flestir, sem fara að lesa þær á annað borð, finna hvöt hjá sér til að hætta ekki fyr en þeir hafa skilið þær.

Ritum Kants er vanalega skift í tvent: þau sem hann ritandi fyrir 1770 og þau sem hann ritandi síðar. Hin fyrri bera keim af skoðunum þeim, sem ríkjandi voru í þýzkri heimspeki fyrir og um hans daga, hin síðari aftur á móti byrja nýtt tímabil, ekki einungis í heimspeki Kants heldur einnig í heimspekinni yfirleitt. Þegar hann var kominn hátt á fímtugs aldur hafði

hann ekki verulega breytt um skoðanlr sínar, en hann hafði aflat sér afar mikillar þekkingar ekki eingöngu á heimspekis-skoðunum fyrri og síðari tíma, heldur og í náttúru vísindunum og öðrum fræðigreinum. Síðan kom tímára tímabil, frá 1770-80, sem hann varði algerlega til þess að gagnrýna alt það, sem hann þangað til hafði fylgt og til að koma sínum nýju hugmyndum, sem nú urðu sem óðast efst í huga hans, í ákveðið horf. Að þeim liðnum, má segja, að æfistarfs hans byrji; það æfistarfs, sem hefir gert hann frægan og aflat honum fylgis á meðal gáfustu og mentuðstu manna hans eigin þjóðar og annara. Til þess að geta metið þettað æfistarfs Kants er nauðsynlegt að skygnast nokkuð aftur í tímann fyrir hans daga og virða fyrir sér heimspekisstefnur þær, sem þá voru rískjandi.

Á miðöldunum var kyrkjan, einsog kunnugt er, æðsta valdið í Evrópu. Undir verndarvæng hennar reis upp hin svo nefnda "skólaspeki", heimspeki hins kristna skóla. Írskur maður, sem John Scotus Erigena hét og sem var uppi á níundu öld var hinn fyrsti mikli skólaspekingur. Hann hélt fram að heimspekin væri ekkert annað en skilningur á trúnni. Heimspekingurinn má aldrei víkja hársbreidd frá kenningum kyrkjunnar; hann á að sanna kenningar hennar. Annar mikill skólaspekingur, Anselm erkibiskup í Kantaraborg, sem var uppi á elleitu oldinni hélt fram að trúin, trú katólsku kyrkjunnar ætti að sitja í fyrir-rúmi fyrir öllu öðru. Enginn má efast um kyrkjukenningarnar heldur verður að reyna að skilja þær. Geti einhver ekki skilið þær þá á hann að beygja höfuð sitt með lotningu og spyrja einskis framar. Anselm þessi er höfundur hinnar svo nefndu "tilveru-sönnunar" fyrir tilveru guðs. Hún er á þessa leið: vér getum hugsað oss algerlega fullkomna veru þ. e. guð, en fyrst vér getum hugsað oss hana hlýtur hún í raun og veru að vera til, því ef hún væri ekki til, gætum vér heldur ekki hugsað oss hana. Auðvitað er þetta alls engin sönnun, en samt hefir hún hingað til verið skoðuð sem óhrekjandi af guðfræðingum yfirleitt. Munkur einn, Gaunilo að nafni, sem var uppi sam-tímis Anselm, sýndi fram á, að þó menn gætu hugsað sér alger-lega fullkomna veru, þá sannaði það ekki að hún í raun og

veru væri til, fremur en hugmyndin um eyju í hafinu, sem enginn hefði séð, sannaði tilveru hennar. Þetta er sama mótbáran og Kant síðar notaði. Skólaspeki miðaldanna var, eins og þá var að orði komist, þerna guðfræðinnar, og þar sem hana skorti algerlega vísindalegan grundvöll gat hún auðvitað ekki staðið lengi eftir að miðalda myrkru, sem hún var til óordin í, létti af.

Um miðja fimmándu óldina, þegar síðustu leyfar hins austur-rómverska keisararíkis féllu í hendur Tyrkjum flyktust grískir mentamenn til Ítalíu. Með þeim kom áhugi, og þekking á forngrískri heimspeki, sem vestrænu þjóðirnar höfðu aldrei haft nein kynni af; nema lítils háttar af Aristóteles í gegnum katólsku kyrkjuna. Rúmri hálfri öld síðar kom síðbótin og með henni lauk andlegum yfirráðum katólsku kyrkjunnar yfir nokkrum hluta Evrópu. Um sama leyti fann Columbus Ameríku, og Magellan sigldi í fyrsta sinn umhverfis jörðina. Á sextándu og seytjándu óldinni gjörbreyttu þeir Kóperníkus, Kepler, ofl. þekkingu manna á heiminum, og mentamenþirnir tóku að stunda náttúrvísindin af mesta kappi. Alt þetta hafði afar þýðingarmikil áhrif á heimspekin. Skólaspekin hvarf smám saman alstaðar nema innan katólsku kyrkjunnar og í hennar stað komu hin miklu heimspekiskerfi, sem menn einsog Descartes, Spinoza og Leibnir hugsuðu á grundvelli hinna nýju vísinda. Þó nú þessi heimspekiskerfi væru skólaspekinni næsta ólik var hugsunaraðferðin samt að nokkru leyti hin sama. Aðferðin var sú, að byrja með einhverja hugsun, sem átti að vera sjálfssönnuð, og að draga út frá henni ályktanir með aðstod rökfræðinnar, sem náttúrlega hlutu að hafa sama sannleiksgildi og frumhugsunin sjálf. T.d. byrjaði Descartes heimspeki sína með þessari setningu: "égg hugsa, þess vegna er égg", (cogito ergo sum). En fyrst nú þetta égg, sem hugsar er, þá hlýtur líka það sem það hefir meðvitund um fyrir utau sig, nefnilega heimurinn að vera til. Ekkert getur verið til orsakarlaust, þarafleiðandi er guð til sem orsök heimsins og þessa ég, sem hugsar. Þetta nægir sem sýnishorn, en síðar munum vér sjá hvernig Kant fór að hrekja þessar skoðanir Descartes. Á þýzkalandi varð þessi tegund af heimspeki að nokkurs konar

kyrkjulegri embættis heimspeki í gegnum þá Leibniz og Christian Wolff, og það var gegn henni sem Kant snérist. En áður en vér komum að Kant sjálfum verður að minnast nokkuð á nánustu fyrirrennara hans, þá menn sem beinlínis höfðu áhrif á hugsunarhátt hans og skoðanir.

Heimspeki Descartes varð hin ríkjandi stefna á Frakklandi um all langan tíma. En hún fullnægði ekki öllum. Descartes hafði klofið tilveruna í tvent--efni og sál. Á milli þessara helminga, sögðu sylgjendur hans að væri djúp staðfest, sem ómögulegt væri að brúa til fullnustu. Þá kom upp ný kenning, og þeir sem henni héldu fram sögðu, að það væri ekkert djúp til á milli efnis og sálar, vegna þess að aðeins efnid væri virkilegt. Þeir sem þessa heimspeki aðhyltust voru efnistrúarmennirnir, materialistarnir frakknesku, sem eru aðal höfundar efnistrúar nútímans. Þeirra skóla tilheyrði að vissu leyti J. J. Rousseau, án þess þó að vera ákveðinn efnistrúarmaður. Aðal atriðið í skoðunum hans, og það sem hann varð frægur fyrir var gagnrýni hans á síðmenningunni og hugmyndin um að mennirnir væru sélasterir er þeir lífðu sem náttúrlegustu lífi. Rousseau hélt skoðunum sínum fram með dæmafáum ákafa og hita og hafði mikil áhrif. Kant varð fyrir miklum áhrifum frá honum, enda líkist hann honum nokkuð í hinni vægðarlausu gagnrýni sinni á viðteknum skoðunum og kenningum.

Á Englandi hafði tilhneging til gagnrýnandi heimspeki lengi verið til. John Locke hélt fram, að öll hugsun og þekking mannsins þyrfti að vera gerð að rannsóknar efni áður hægt væri að ákveða hvað væri vissa. Þessari stefnu var ennþá betur framfylgt af skotanum David Hume, enda var það hann, sem mest áhrif hafði á Kant á árunum 1770-80, er hann breytti skoðunum sínum. Hume neitaði því að eintóm heilabrot um tilveruna gætu nokkorn tíma leitt til vissu. Ef menn vilja finna sannleikann, þá verða þeir að byrja með verulegri þekkingu og reynzlu. Öll þekking er þannig til komin. að maðurinn verður fyrir áhrifum frá umheimi sínum. Hugsanirnar eru nokkurskonar eftirmynndir þessara áhrifa. Af þessu leiðir, að ekkert annað en það, sem maðurinn lærir að þekkja í gegnum

skynjun sína getur verið vissa. Utanaðkomandi áhrifin, og eftirmynndir þeirra í huganum raðast niður samkvæmt vissum reglum í meðvitundinni. Orsök og afleidning t. d. eru ein af þessum reglum, sem alt það er maðurinn skynjar kennur undir. En þessar reglur eru samt ekkert nema vani. Í sálarlífí mannsins er ekkert, sem fyrir fram getur ráðið hvernig þekking hans verður. Skynsemin bætir engu við hin utanaðkomandi áhrif, heldur aðeins skipar þeim í viss sambönd samkvæmt lögum er vaninn hefir helgað. Það sem Hume leggur alla áherzluna á, er þekking á umheiminum og sálarlífínu í stað heila-brota um einhvern heim, er liggi algerlega fyrir utan takmörk mannlegrar þekkingar. Þessa aðferð Humes tók nú Kant og beitti á sinn hátt. Fyrsta spurningin, sem hann lagði fyrir sig var: hvað er þekking og hvernig eignast menn þekkingu? Að komast að ákveðinni niðurstöðu um það, að mynda sér þekking-arthugmynd (Erkenntnistheorie) var Kants fyrsta og stærsta hlutverk.

Árið 1781 kom hið stærsta og þýðingarmesta ritverk Kants "Gagnrýni hinnar hreinu skynsemi" (Kritik der reinen Vernunft) út. Þessi bók er efalaust það þungskildasta af öllu sem Kant skrifsaði, en til þess að fá nokkra rétta hugmynd um heimspeki hans er alveg nauðsynlegt að skilja hana. Eg skal reyna að sétja fram í stuttu máli, eins ljóst og mér er unt aðalatriði hennar.

Það er til tvenskonar skynsemi, segir Kant: hin hreina skynsemi, sem er hafin upp yfir allar tilhneigingar og ástríður, og hin gagnlega skynsemi, sem ekki er hafin upp yfir tilhneigingarnar og ástríðurnar heldur á að ráða fyrir þeim. Í gagnrýni hinnar hreinu skynsemi ræðir Kant aðeins um hina hreinu skynsemi—og hver eru nú aðal einkenni hennar? Fyrsta og aðal spurningin er: hvað er þekking? Að svara þeirri spurningu er að sýna hvað hin hreina skynsemi er, því þekkingin, hrein og ómenguð er hennar starfsvið. Hvert hugtak út af fyrir sig, t.d. maður, hús er engin þekking. En þegar einhverri umsögn er bætt við þá verður það að þekkingu; einsog þegar sagt er: maðurinn er skynsemi gædd vera, hús eru bygð úr steini. Alla þekkingu er

þarasleiðandi hægt að sundurliða í setningar, sem innihalda einhverja umsögn um eitthvað. Setningar þessar eru, segir Kant, tvenskonar: sumar eru sundurliðandi, aðrar eru sameinandi. Í sundurliðandi setningum bætir umsögnin engu við þann hlut, sem hún er um, einsog í setningunni: allir líkamir hafa stærð. Umsögnin: hafa stærð, felst í hugtakinu líkami, vegna þess að það sem enga stærð hefir er ekki líkami. Aftur á móti er þessi setning: jörðin er reikistjarna, sameinandi setning, því í henni bætir umsögnin nýju þekkingar atriði við hlutinn, sem hún er nim. Aðeins hinar sameinandi setningar auka þekkinguna sundurliðandi setningar eru í raun og veru engin þekking. En til þess að þekking sú, sem felst á hinum sameinandi setningum sé áreiðanleg verður hún að vera sönn í öllum tilfellum, sambandið á milli hlutarins og umsagnarinnar má ekki vera undir tilviljum komið, heldur verður að vera nauðsynlegt samband. Nú eru tilfelli þau, sem reynzlan gefur æfinlega takmörkuð að tölu, og þessvegna er ekki hægt að segja að einhver sannindi, sem birtast í þeim öllum séu þar fyrir nauðsynleg, eða vísindaleg sannindi. Þar afleiðandi verða þau að vera grundvöllnuð í skynsemanni engu síður en reynzlunni ef þau eiga að vera vísindaleg sannindi. Með öðrum orðum, þau verða að vera fyrirfram (a priori) sönn í skynsemanni, einsog Kant kennst að orði. Alt, sem bygt er á reynzluni einni er eftir á sannað (a posteriori) og er ekki óbrigðust. Sönn þekking samanstendur af fyrri fram sönum sameinandi setningum. Þannig svarar Kant spurningunni, hvað er þekking? Og gagnrýni skyuseminnar á að vera til þess að leiða í ljós hvernig þannig lögud þekking getur átt sér stað.

Pegar um hina breinu skynsemi er að ræða má skifta henni samkvæmt starfi hennar. Í fyrsta lagi beinist hún útá við og tekur á móti áhrifum frá umheiminum, þessi blutinn er skynjun (Anschauung); í öðru lagi myndar hún heildir úr efni því, sem skynjunin framleiðir samkvæmt vissum lögum, það er lægrí skilningur eða dómgreind (Verstand); síðan myndar hún úr ályktunum dómgreindarinnar algildandi skoðanir eða hugmyndir, þetta er hinn hærri skilningur (Vernunft), sem er hin hæsta

tegund af skynsemi, sem til er. Skynjunin, lægsta tegund skynseminnar gefur skilningnum efni í þekkingu, en þetta efni er samit sem áður ekki með öllu óunnið þegar hún skilar því af sér. Skynsemin hefir þá eiginleika að skynja hinn ytri heim og hafa meðvitund um alla þá viðburði, sem eru innan sáarlífs mannsins samkvæmt háttum, sem henni eru meðskapaðir. Þessir hættir eru tveir, rúm og tími. Alt það sem er í umheimi mannsins er í rúmi, og alt það sem á sér stað í meðvitund hans er í tíma. Tími og rúm eru þess vegna fyrir fram ákveðnar sannreyndir, skynseminni meðfæddar og ófráskiljanlegar. Kant sannar þetta með því að sýna fram á, að maður hefði altaf meðvitund um rúm, þó alt, sem í því er væri tekið í burtu. Rúmið sjálf er ekki einn af hlutunum, sem skynjaðir eru, það er skilyrði, sem gerir skynjun hlutanna mögulega. Þess vegna á það sér hvergi stað nema í skynseminni sjálfri. Einsog alt, sem tilheyrir umheiminum, er í rúmi, svo einnig er alt, sem í meðvitundinni á sér stað í tíma; það á sér stað hvað á eftir öðru en ekki hvað samhliða öðru. Tíminn, einsog rúmið, er hvergi til nemia í skynseminni, Hann er ekkert í sjálfu sér og hann tilheyrir ekki viðburðunum. Þó þeir hyrfu allir snögglega úr meðvitundinni mundi tíminn samt verða þar eftir. Tími og rúm eru þá eiginleikar skynseminnar, henni meðskapaðir. Og þegar skilningurinn tekur við þekkingarefninu af skynjuninni hefir þetta tvent, tími og rúm bæzt við. Með öðrum orðum: efnið er hálft unnið.

Skilningurinn vinnur úr efni skynjunarinnar þekkingu, og í því starfi fylgir hann vissum fyrir fram ákveðnum lögum og reglum. Þessar hugsanareglur nefnir Kant yfirreynzlulega rökfræði (transcendental Logik). Í þessari rökfræði á hvorki innihald þess, sem skynjað er né heldur heimfærsla þess til nokkurrar notkunar heima. Hin yfirreynzlulega rökfræði skiftist í tvent: sundurliðandi rökfræði (Analytik), sem inniheldur lög dómgreindarinnar og hina uppbyggjandi rökfræði (Dialektik), sem inniheldur lög hinnar hæstu skynsemi.

Öll sönn þekking byggist á dómgreindinni og ályktunum hennar. Reglur þær, sem dómgreindin fylgir eru skynseminni meðskapaðar, einsog rúm óg tími. Samkvæmt reglum þessum má flokka allar ályktanir dómgreindarinnar eftir aðal einkennum þeirra. Kant nefnir tólf hugmyndaflokka (Kategorien), sem hann aftur skiftir í fjóra aðal flokka, þeir eru: stærð, eiginleikar sambönd og hættir. Alt, sem skynjanlegt er, og innihald hverrar hugsunar tilheyrir einhverjum af þessum flokkum. Allir hlutir t.d. hafa einhverja stærð, og hvert hugtak táknað eitthvað sem er eitt af mörgu, eða þá eitthvað, sem er alsherjar og ekkert annað getur verið til samhliða. Sömuleiðis hefir alt einhverja eiginleika, t. d. virkileika, það er, eða neitun, það er ekki, eða þá í þriðja lagi takmörkun, það er að nokkru leyti Þriðji flokkurinn inniheldur skyldleika, orsakasamband og gagnverkandi áhrif; sá fjórði, hættir, skiftist í möguleika, tilveru og nauðsyn. Þetta eru hinir tólf hugmyndaflokkar Kants og undir þá heyrir á einhvern hátt alt sem í hugsun mannsins er, hvort sem það er ytri sannreyndir eða hrein hugtök. Lög þessi eru hvergi til nema í skynseminni. Kant er Hume samþykkur um að orsök og afleiðing séu ekki í hlutunum sjálfum, heldur aðeins í huga mannsins. Hume áleit að orsaka og afleiðinga sambandið væri aðeins til af vana, en Kant aftur á móti álítur það grundvallað í skynseminni og henni ófráskiljanlegt. Allir hinir hugmyndaflokkarnir eru nákvæmlega sama eðlis.

Framh.

FRÉTTIR

Söfnuðir og félög únítara á Kyrrahafsströndinni héldu þíng í sumar í bænum Seattle. Samkvæmt skýrslum þeim, sem gefnar voru er útlitið þar vestra um viðgang frjálsrar trúar mjög glæsillegt. Únítarískar skoðanir hafa náð mikilli útbreiðslu þar á síðari árum. Margir söfnuðir hafa verið stofnaðir í ríkjum Washington, Oregon og California. Sumir þeirra eldri eru orðnir

öflugir, eins og t. d. söfnuðirnir í Seattle, Portland, San Francisco, Berkley (Cal.) o. fl. þetta sýnir að únitarískar trúarskoðanir eru ekki á neinn hátt takmarkaðar við einn hluta landsins og ástandið þar, heldur eiga fyrir höndum að útbreiðast um alla Ameríku.

Á þessu ári hefir fyrsta alvarlega tilraunin verið gerð til að flytja enskuðaelandi fólk i Vestur-Canada únitarískar trúarskoðanir. Séra Frank W. Pratt dvaldi hér í Winnipeg og endurreisti hér söfnuð, sem áður var til að nafninu. Sá söfnuður er nú þegar orðinn all fjölmennur og ráðgerir að byggja kyrkju innan skamms, Núverandi prestur hans er William A. Vrooman, áður prestur við kongregazional kyrkju hér í bænum. Séra Pratt hefir, síðan hann fór héðan, heimsótt marga bæi í Vesturlandinu, en er nú seztur að í Calgary, þar sem hann býst við að dvelja um sex máð. tíma til að koma á fót söfnuði. Oss íslenzkum únítörum er mikil hjálp að því að skoðanir vorar nái sem mestri útbreiðslu á meðal hérlends fólks og ættum vér að styðja að því eftir megni með samvinnu og þeirri hjálp, sem vér getum í té látið.

Séra Charles W. Wendte, einn af starfsmönnum Ameríkska Únítarafélagsins fór til Norðurálfunnar í sumar til að undirbúa fimta alþjóða þing únítara og annara frjálstrúarmanna, sem á að haldast í Berlin á Þýzkalandi næsta sumar. Hann fór, í undirbúnings erindum, til sjö landa og hélt undirbúningsfundi með frjálslyndum mönnum, sem vildu styðja fyrirtækið. Viðtökurnar voru alstaðar hinar beztu. Í Lundúnum t.d. lét séra R. J. Campbell í ljósi, að hann væri fyrirtækinu hjartanlega hlyntur og stakk uppá að næsta þing yrði haldið í kyrkju sinni (The City Temple). Einsog kunnugt er hafa fjórir samskonar fundir verið haldnir áður, hiðn síðasti í Boston 1907. Ekki þarf að efa að sá næsti verði í alla staði jafn þýðingarmikill og þeir fyrri, því á Þýzkalandi er mikið mannvil og mikið um frjálslyndi á meðal hins bezt mentaða hluta þjóðarinnar.

Þjóð-Konferens únítara í Bandaríkjunum hélt tuttugasta og annan fund sinn í Chicago 27-30 Sept. síðastl. Konferensinn var stofnaður árið 1864 og heldur fundi sína annað hvort ár. Um 350 fulltrúar víðsvegar úr Bandaríkjunum mættu á fundinum, og mörg mál bæði viðvíkjandi útbreiðslu, skipulagi og únítarískum trúarskoðunum voru rædd. Ennfremur voru fyrilestrar og erindi um ýms efni flutt af nafnkendum mönnum innan únítara kirkjunnar.

Pegar Ameríkska Únítarafélagið var stofnað 1825 voru margir hinna frjálslyndari manna í Boston því mótfallnir að nýr trúarflokkur væri myndaður; jafnvel Channing var því fyrst framán af ekki meðmæltur. En fyrir áhuga nokkurra hinna yngri var samt félagið stofnað.

Það hefir jafnan síðan haft útbreiðslu og sameiginleg fjármál að mestu með höndum. Skömmu síðar kom upp ágreiningur nokkur trúarskoðunum viðvíkandi. Nokkrir prestar þóttu ganga of langt í frjálslyndis áttina. Íhaldsamari hlutinn réði og lítið var um framför um all langan tíma. En svo reis upp hreifing, sem endaði með stofnun Þjóð-Konferensins 1864. Á fundum hans hafa trúarskoðanaleg ágreiningsmál verið rædd, en aldrei hafa þau valdið skoðanamun er til hnekkis hefir orðið fyrir félags heildina. Yfirleitt hefir konferensinn hjálpað til að ryðja nýjum skoðunum braut innan kyrkjunnar þegar þess hefir þurft með.

Síðasti fundur virðist hafa verið ágætur, þó ekki væri hann eins vel sóttur og sumir hinna fyrr. Talað var um að breyta nafninu þannig að það innibindi einnig únítaríksa söfnuði í Canada, en ekki var gert út um það mál. Vonandi sendum vér íslenzkir únítarar fulltrúa á næsta fund.

MÓTMÆLI GEGN DR. ELIOT

Í október blaði "Saineiningarinnar" eru tvær greinar, þýddar úr enskum orþodoxum kyrkjjuritum: "The Lutheran" og "Bibli-

cal Student and Teacher" Greinar þessar eiga að vera mótmæli gegn skoðunum Dr. Eliots fyrverandi forstöðumanns Harvardháskólangs um trúarbrögð framtíðarinnar.

Mótmæli þessi eru, eins og vænta má, á engum rökum bygð. og sumt sem sagt er, eins og t.d. það, að án evangelisks kristindóms mundum vér vera á líku stigi og Suðurhafseyja búar, er blátt áfram fjarstæður og heimska sem undravert er að nokkur maður skuli geta fengið af sér að halda fram nú á dögum. Það er jafn heimskulegt að vilja þakka kristindóminum alla menningu vestrænu þjóðanna og að halda fram að öll hjátrú og hindurvitni liðinna alda hafi verið beinar afleiðingar hans.

Dr. Eliot hefir spáð, að trúarbrögð framtíðarinnar muni verða frjáls og laus við trúarjátningar og guðfræðiskenningar. Hver getur efast um að svo verði? Hvað eru trúarjátningar og guðfræðiskenningar kristnu kyrkjunar nú á dögnm annað en dauður bökstafur, sem fæstir kæra sig nokkuð um? Evangeliskur kristindómur mun hverfa úr sögunni smám saman, vegna þess að aðal inntak hans er ekki lengnr í samræmi við þekkingu og hugsunarhátt nútímans. Hverju sem afturhaldssömum og þróngsýnum mönnnm þóknast að halda fram um hann, er reynzlan nú þegar búin að sýna með óyggjandi vissu, að sannleiksgildi hans varir eins lengi—og ekki vitund lengur en þær andlegar kringumstæður og skilyrði, sem hann varð til undir.

En hitt er áreiðanlegt, að þó evangeliskur kristindómur hverfi hætta menn ekki þar fyrir að trúa; það rísa upp ný trúarbrögð, sem verða í samræmi við vísindi og sannleik þann, sem menn þekkja. Þessi trúarbrögð eru nú orðin útbreiddari en allment er ætlað bæði á meðal þeirra sem hafa sagt skilið við rétt-trúnað kyrknanna og einnig margra, sem ennþá álíta sig honum fylgjandi, án þess að vera það.

Dr. Eliot hefir alla æfi tilheyrт hinum eina sann-frjálslynda trúarflokki, sem til er innan kristnu kyrkjunnar, og enginn maður mun vera færari en hann að dæma um hvert stefnir í trú-málum. Þegar hann segir, að trú framtíðarinnar muni verða frjáls lífsskoðun hvers manns, bygð á kærleikanum til guðs og mannanna, þarf enginn að efast um að hann hefir réttara fyrir

sér en verjendur hins viðtekna kristindóms. Geti kristna kyrkjan ekki viðurkent þann sannleik, sem únitarar og aðrir frjálstrúarmenn halda fram, þá verður hún í framtíðinni að hverfa fyrir því, sem betra er. Og mótmæli einsog þau, sem Sameiningin seilist eftir tefja, sem betur fer, lítið fyrir því sem fram verður að koma.

Nokkur atriði úr sögu Gyðingaþjóðarinnar

Hin verulega saga Israelsmanna byrjar með stofnun konungsríkisins um árið 1000 f.k. Fyrir þann tíma voru til aðeins sundurlausar sagnir af ýmsum þjóðhetjum og merkilegum viðburðum, eins og sögurnar í Dómarabókinni bera með sér. Um uppruna þjóðarinnar er hvergi neitt sagt, sem getur álitist sögulega satt, nema það sem ráða má af hinum elstu sögnum hennar. Áður en hún settist að í Kanaans landi var hún hirðingjaþjóðflokkar sem ferðuðust um á jöðrum Arabíu eyðimerkurinnar, og voru sumir af þeim að líkindum sánaud á Egyftalandi um einhvern tíma. Pessir þjóðflokkar tilbáðu efalaust marga guði. En er Móse komi til sögunnar, einhvern tíma um árið 1300 varð Jahve þjóðarguð. Þó dýrkuðu Israelsmenn guði Kanaanítanna með Jahve eftir að þeir voru seztir að í landinu. Einnig tóku þeir sér öðru hvorn guði þjóða þeirra, sem í kring um þá bjuggu. Spámennirnir mótmæltu allri guðadýrkun, nema Jahve dýrkuninni, eins og sjá má á öllum ritum, sem við þá eru kend.

Sál og Davíð, sem voru fyrstu konungar þjóðarinnar, sam einfuðu flokkana í eina þjóð. Salómon bygði musterið í Jerúsalem, en þrátt fyrir það átti afguðadýrkun, þ.e. tilbeiðsla annara guða sér stað löngu eftir að musterið var bygt og hugmyndin um að Jahve ætti að tilbiðja aðeins á einum stað, í Jerusalem var búin að fá marga áhangendur.

Eftir daga Salómons um 930 skiftist ríkið í tvænt. Orsókin til skiftingarinnar var sú að Salomon lagði of þunga skatta á

þjóðina. Síðan stóðu bæði ríkin samhliða þar til Norðurríkið, Ísraelsríki féll tyrir Assyríukonngi um 720, Allir atkvæðamestu spámennirnir voru uppi á dögum konungsríkjanna 8 öldinni. Sumir þeirra, eins og Esías, höfðu all mikil afskifti af stjórnmálum, aðrir, einsog Amos og Hóseas, reyndu aðeins að gera umbætur í trúarbrögðum og síðferði. Nokkrir af konungunum voru hlyntir öðrum trúarbrögðum en Jahve trúnni og leyfðu tilbeiðslu annara guða. Aðrir sýndu mikla rögg af sér í því að hreinsa trúna gf öllum útlendum áhrifum. Þannig létu tveir af konungum Suðurríkisins, Júdaríkis, gera umbætur, Hiskia um 710 og Jósia um 621. Umþætur þær, sem Jósia lét gera voru að undirlagi umbótafloks eins í Jerúsalem, sem við hentugt tækifæri kom bók er hafði umbóta hugmyndir hans inni að halda inni í musteríð, og var síðan látið heita að hún hefði fundist þar. Bók þessi var rituð í nafni Móse, hana er nú að finna í fimtu Móse bók.

Eftir fall Norðurríkisins stóð Suðurríkið nokkuð á annað hundrað ár, eða til 586, Á þessu tímabili átti það óvinum að verjast og féll loks fyrir Nebúkadressar konungi í Babylon, sem herleiddi marga af fþuum þess.

Þeir af Israelsmönum, sem voru herleiddir til Babylon voru þar í 50 ár frá 586-536. Á þessu tímabili héldu þeir bæði þjóðerni sínu og trú, þó þeir væru þar í þrældómi, einsog altaf átti sér stað með hertekna menn á þeim tímum. Trúin á Jahve virðist hafa aukist hjá þeim og tilhneigingin til að dýrka aðra guði en hann horfið að mestu. Á þessu útlegðar tímabili fóru áhrif prestastéttarinnar vaxandi, eins og sjá má í bók Esekíels. Esekíel var sjálfur prestur og leiðandi maður á meðal útlaganna. Á þessu tímabili var hinn óþekti höfundur síðari hluta Jesajasar bókar, kap. 40-66 uppi. Hann var einn hinn merkasti spámaður, sem uppi var hjá þjóðinni. Guðshugmynd hans er stærri og tilkomumeiri en alment átti sér stað um hans daga.

Eftir að Kýros Persakonungur veitti Gyðingum heimfararleyfi tóku þeir að byggja upp aftur musteríð og borgarveggi Jerúsalem. Undir stjórn Esra voru löggin hafin upp í sitt hæsta veldi, og þaðan í frá var trú þjóðarinnar lögmálstrú grundvölluð

á bókstafnum. Musteris guðþjónustan varð langtum margbrotnari en hún hafði verið fyrir herleiðinguna. Þjóðin var upp frá því söfnuður en ekki ríki. Nú fyrst urðu samkunduhúsin til, sem í fyrtstu voru skólar en ekki kyrkjur. Þau voru vísvegar um landið og áhrifin, sem frá þeim komu voru oft í frjálslyndisáttina, því rétttrúnaðarins, sem ríkti í Jerúalem gætti ekki miðög mikið út um landið, þar sem minna var aðhaldið. Hugmyndir um annað líf og sít vald, djöful komu smári saman inn í trúna með persneskum áhrifum; og umburðarlyndi gagnvart öðrum trúarbrögðum fór að gera vart við sig.

framh.

ÞRUMUVEÐUR

EFTIR PETER ROSEGGER

(niðurlag frá síðasta blaði)

“Vegna þess að stundum áður þegar ég var úti með öðrum piltum komum við þar. Gregelmaier hefir verið í kunningsskap við hana, einsog géngur. Við höfum stundum staðið í kríngum húsið til að sjá hvort hann kæmi ekki út. Eg held mér hafi komið það til hugar þegar ég gekk framhjá um nóttnina.”

“Ekkert annað? En það sakleysi! Það er of hrífandi! Þú ætlaðir bara að gera bilt við við gluggann, bara það?—Hans! Eg særi þig nú við drengskap þinn, þú talar svo mikið um drengskap! Eg spyr þig hvort þetta sé satt!—Líttu á mig!”

Hann horfði beint framan í hana, samt deplaði hann augunum, einsog honum væri of bjart í augum. Svo horfði hann í kringum sig einsog hann væri að leita að hjálp, steinþegjandi.

“Nú jæja! Gefðu drengskaparordið!” Hún stóð hreyfingarlaus einsog líkneski fyrir framan hann. Hann ýtti sér til veggjar, byrgði andlitið með hendinni, og—grét.

Hún gekk aftur fram og aftur um gólfíð, Svipuna hafði hún lagt frá sér fyrir löngu. Hún opnaði gluggan til að reka

út flugurnar með vasaklútnum sínum. Ólyktin af húðunum rauk inn, hún lokaði aftur. Hún létt einsog vildi hún taka til í herberginu, fleygði fótum og bókum hingað og þangað, en alt saman aðeins til þess að kefja geðshræringuna, sem hún var í. —þessi slæmi maður, hvað hann er hræðilega illa í sig kominn núna. Limlestur, og tekur svo mikið út, og verður að liggja þarna, og er aleinn og yfirgefinn.

Hún gekk hægt, að rúminu, lagði hendina á enni hans og strauk hárið ofurlítið til baka. Hann snökti svo að axlirnar kiptust ákaft við.—Hún talaði ekki meira um drengskaparorð. —Hún beygði sig niður að honum, hallaði höfði hans að brjósti sér, kysti hann á ennið, kinnarnar og muninn með svo mikilli ákefð að hann gat varla dregið andann. Hanin létt hana gera eins og hún vildi. Svo þegar hún hætti stundi hann : “Eg er þín ekki verður.”

“Í guðs bænum ! ” hrópaði hún. Rödd hennar var hás og með grátstaf. Og eftir nokkra stund er hún hafði rétt sig upp og var orðin rólegri : “Svona getur það ekki gengið. Þú verður að hafa almennilegt eftirlit. Hvað sagði læknirinn ? ”

“Hann bjó til umbúðir handa mér. Báðir fæturnir eru brotnir.”

“Eg lær sækja handa þér læknir, sem getur búið vel um beinbrot. Okkar læknir hefir góðar vonir. En þolinmæði—segir hann.”

“Geðjast þér að gömlu konunni ? Ef ekki þá lær ég sjúkrahúss hjúkrunarkonuna koma. Hún kann að umgangast veika og er þeim góð. Svo lít ég sjálf hér inn tvisvar á hverjum degi til að sjá hvort þig vantart nokkuð, og færi þér mat þegar þú vilt hann. En sjáðu, það fer illa um þig. Bíddu við ég ýti til koddanum dálitið. Þú getur ekki hreyft þig ? ”

Hann kinkaði kolli ofurlítið.

“Líður þér mjög illa ? spurði hún mjög innileg.

“Ekki lengur Marianna, ekki lengur.”

“Sjáðu til, þú ert reyndar minn góði Hans ! ” Hún strauk andlit hans með báðum höndum. Augu hennar voru vot. Og

hún var svo sael, svo sael.—Meðaumkunin var ennþá sætari en ástin. Eða—var hún hin rétta ást.? Síðan hún hafði eitthvað til að fyrirgefa honum. Nú fyrst hafði hún tekið honum af. alfrjálsum vilja, nú fyrst gat hún sjálf séð og sýnt hversu vænt henni þótti um hann. Og nú fyrst vissi hún með sjálfri sér, að bandið, sem batt þau saman gæti ekki brostið, að öll hennar sorg og öll hennar hamingja hlyti að vera undir þessum eina manni komin.

“Hvað gengur að þér, hvað gengnr að þér Hans?” spurði hún, og reyndi að hreyfa höfuð hans svo hún gæti séð framan í hann. Hann byrgði andlit sitt. Þá hvíslaði hún aðeins einu sinni: “Svo mikið að skammast sín fyrir!”

Hún byrjaði að tala um hitt og þetta sem var skemtilegt, en nefndi ekki tildrog þess undansfarna á nafn. Þá rétti kennarinn alt í einu hendina upp í loftið og gaf selbita með fingrinum,

“Hvað á þetta að þýða?” spurði hún hlægjandi.

“Pað að ég get á engan annan hátt látið fögnuð minn í ljósi.

Í kringum klukkan tvö snarkaði í eldinum í eldhúsini á prestssetrinu. Aðstoðarpresturinn læddist að eldhúsdyrunum til að njósna í gegnum gættina hvort hann ætti von á góðum miðdegisverði. Hún flýtti sér og var rjóð í framan með gleðisvíp.

Trúa bróðurhjarta, vissulega mun þér geðjast að matnum.

Peter Rosegger er hinn alþýðlegasti skáldsagna höfundur, sem nú ritar á þýzka tungu. Hann er fæddur og uppalinn í héraði því er Steiermark heitir og sem er einn hluti Austurríkis. Margar af sögum sínum hefir hannritað á mállýzku þeirri, sem þar er töluð. Í æsku naut hann fremur litillar mentunar, en aflaði sér sjálfur þekkingar með öllu móti þrátt fyrir fátækt og erfiðar kríngumstæður. Öllu því lýsir hann ljómandi vel í æfisögu sinni, er hann hefir skrifaað sjálfur. Sumar sögur hans er lýsa sveitalífinu í Steiermark þykja ágætar.—Saga sú, sem hér er þýdd er tekin úr smásögusafni, er heitir: Geschichten und Gestalten aus den Alpen—sögur og myndir úr Alpfjöllunum.

SMÁVEGIS

Lærðu þett tvent: að láta aldrei hugfallast vegna þess að alt gngur ekki eins þú vildir, og að láta ekki hjá líða, að gera á hvrum degi það gott sem þér er næst.—*George Macdonald.*

Maðurinn skapar sjálfum sér áhuga, eftirvæntinga, von, næstum sanfæringu um að eitthvað þýðingarmikið muni eiga sér stað, að eitthvað sé í undirbúningi, að maðurinn sé ekki takmark, heldur aðeins vegur, brú, fyrirheit.—*Nietzsche.*

Það er ekki sannleikur sá sem maðurinu hefir eignast, eða heldur að hann hafi eignast, heldur fyrir höfnin, sem hann hefir eignast sannleikann með, sem myndar hið sanna gildi hans. Því ekki með því að hafa sannleikann, heldur með því að leita hans aukast kraftarnir; og í því einu er stöðugt vaxandi fullkomnun innifalin.—*Lessing.*

Pegar fólk spurði hina fyrstu kristnu menn, hvað þeir nefndu trú sína, voru þeir vanir að svara: „Vér nefnum hana veginn.“—*William E. Barton.*

Það sem mesta þýðingu hefir fyrir oss er að gera sjálfa oss hæfa fyrir hið fyllra líf, sem framundan er. Hver tilraun til sannara lífs nú mun hafa samsvarandi afleiðingu í því sem vér afköstum í framtíðinni. Hver siðferðislegur sigur nú mun bera ávexti í uppskeru framtíðarinnar. Ekkert glatast. Í alheiminum verður ekkert að engu, sem er einhvers virði. Stærra líf er það sem vér þráum; og ódaudleika æskjum vér að eins til þess, að vér getum framkvæmt sumar af hugsjónum vorum og eignast nýjar hugsjónir, haldandi þannig áfram frá einni hugsjón til annarar um alla eilífð.—*William S. Morgan.*

Vér verðum að lifa eins mikið og vér getum fyrir lífs gleði mannanna, og aðeins hugsa svo mikið um sorg og sársauka, að það hjálpi oss til að ráða bót á þeim.—*George Eliot.*

Það er gott að láta sig dreyma um betri daga en þá sem eru, þó er það úr þessu hversdagslífi sem efnið í betra líf verður að koma.—*Hacterlinck.*

Það er þýðingarlaust að brjóta heilann um hvort liðnir tímar hafi verið betri eða verri en nútíminn, eða að leita að orsökunum að falli fornra konungsríkja og keisaradæma í þeirri von að finna í þeim rétt einkenni félagslífs nútímans. Spurningin fyrir hvern og einn af oss er, hvað er mín fyrsta og næsta skylda, og hvað get eg gert til að gera heiminn betri fyrir menn að lifa í og íbúa hans vitrari og sælli. Hver maður hefir sinn verkahring, sem hann getur haft einhver áhrif á. Í þessum áhrifum getur hver maður gefið eitthvað, smátt eða stórt, samkvæmt sínum hæfileikum til uppbyggingar fyrir heiminn. Allar tilraunir mans fram yfir það eru gagnlegar sem æfing og stæling krafta og vitsmuna.—*George Batchelor.*



THE ANDERSON CO., PRINTERS

HEIMIR

12 blöð á ári, 24 bls. í hvert sinn, auk kápu og auglýsinga.
Kostar **einn dollar** um árið. Borgist fyrirfram.

Gefin út af hinu Íslenzka Únitaríksa Kyrkjufelagi í Vesturheimi.

ÚTGÁFUNEEND:

Rögnv. Pétursson

G. J. Goodmundson

Fridrik Sveinson

Hannes Pétursson

Guðm. Arnason

Gísli Jónsson